

# Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

---

66. fundur verkefnahóps BsVest, fundurinn er haldinn þann 1.02.2018. kl. 13:30.

Mætt í síma: Margrét Geirsdóttir, Arnheiður Jónsdóttir, María Játvarðsdóttir og Guðný Hildur Magnúsdóttir, Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri BsVest og Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri BsVest sem ritaði einnig fundargerð.

1. Fundargerðir stjórnarfundar frá 20. desember sl. og 18. janúar sl.
2. Horft til framtíðar, skipulagsbreytingar innan BsVest.

Dagskrá:

## **1. Fundargerðir stjórnarfundar frá 20 desember sl. og 18 janúar sl.**

Fundargerðir 20. desember og 18. janúar sl. lagðar fram til kynningar, framkvæmdastjóri fór yfir efni þeirra og verkefnahópur ræddi efnisatriði þeirra.

## **2. Horft til framtíðar, skipulagsbreytingar innan BsVest**

Lagt fram minnisblað, *breytingar á starfi verkefnastjóra*. Minnisblaðið er lagt fram sem framhald af umræðu sem fram fór á 65. fundi verkefnahóps 19.12. 2017.

Í minnisblaðinu eru kynntar hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi á rekstri skrifstofu BsVest, þar með talið hugmynd að aukinni viðveru Verkefnastjóra á félagsþjónustusvæðunum.

Rætt um efni minnisblaðs og eftirfarandi bókun samþykkt:

Verkefnahópur óskar eftir að fá að ræða nánar efni minnisblaðsins og skila álitum til stjórnar, á fundi sem er boðaður á Hólmavík þann 13. febrúar nk..

Sif Huld Albertsdóttir  
Verkefnastjóri  
BsVest